

Forgangsmál (verkefni) 2021:

- 1) Efla almenna þekkingu og hæfni við stefnumótun.
 - Haldin verða námskeið eftir því sem við verður komið.
 - Stefnuráð mun halda kynningar um ólíka þætti stefnumótunar með ráðuneytum og stofnunum eins og kostur er.
 - Unnið verður að því að útvíkka stefnumótunarvinnuna með því að kynna framtíðarfræði með markvissari hætti fyrir starfsmönnum STJR.
 - Unnið verður áfram í samstarfi við Stjórnarráðsskólann að fá erlenda sérfræðinga og ráðgjafa til að sinna viðbótarfræðslu fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins.
- 2) Bætt gæði markmiða og mælikvarða.
 - Vinnustofur með ráðuneytum um bætt gæði mælikvarða og markmiða, þar sem við verður komið.
 - Kynna enn betur kosti þess að nýta stefnumótun ráðuneyta, markmiðssetningu og árangursmælikvarða, sem tæki til forgangsröðunar á takmörkuðum fjármunum.
- 3) Útgáfa nýrra leiðbeininga um stefnumótun.
 - Gefin verða út 2-3 ný leiðbeiningarit þar sem fjallað verður um mótun aðgerðaáætla, framkvæmd/innleiðing stefna og áætla, eftirfylgni og endurmat, og stefnumótandi framsýni.
- 4) Könnun um stefnumótun og áætlanagerð innan Stjórnarráðsins.
 - Niðurstöður úr könnun Stefnuráðs verða birtar á vef Stjórnarráðsins þegar þær liggja fyrir.
- 5) Þróun áformaskjala fyrir stefnumótandi áætlun
 - Unnið verður að því að þróa áformaskjal í formi einblöðungs fyrir mótun stefna og áætla innan Stjórnarráðsins.
- 6) Vefur Stefnuráðs:
 - Viðhalda öflugri vefsíðu um stefnumótun á vef Stjórnarráðsins þar sem m.a. má finna upplýsingar um hlutverk ráðsins, afurðir, fræðsluefni, skapalón, sniðmát uppfærð eftir þörfum, o.fl.
- 7) Stefnuráð mun halda áfram að taka virkan þátt í þróun stefnumótandi tækja vegna laga um opinber fjármál (LOF), sem og aðferða sem miða að aukinni samhæfingu og skilvirkni.